

Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 128, 1485
komudagur 4. 3. 2003

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Reykjavík 3. mars 2003
Tilv. FLE 11-2003

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um erfðafjárskatt, 398. mál, flatur skattur.

Með bréfi dags. 21. febrúar sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók Álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu.

Stjórn FLE samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllst,
Félag löggiltra endurskoðenda

Guðmundur Snorrason
formaður

Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Reykjavík, 3. mars 2003

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda
Guðmundur Snorrason, formaður
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík


Málefni: Frumvarp til laga um erfðafjárskatt, 398. mál, flatur skattur.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.
Álitsnefnd FLE tók málið fyrir á fundi sínum í dag.

Álitsnefnd FLE gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA





RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. **P 128/1389**
komudagur **28.2.2003**

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,

Dagsetning
26. febrúar 2003


Tilvísun
A-8
LÖ/bb

150 Reykjavík.

Í bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 21. þ.m. er óskað umsagnar um frumvarp til laga um erfðafjárskatt, 398. mál. Svo sem frá greinir í athugasemdum með frumvarpinu er lagt til að hætt verði að miða fjárhæð erfðafjárskatts við sifjatengsl erfingja og arfleiðanda en þess í stað verði lagður flatur 5% erfðafjárskattur á alla erfingja, hver sem sifjatengslin eru.

Ríkisendurskoðun tekur ekki afstöðu til þess hvort rétt sé eða eðlilegt að gera þá breytingu á lögum um erfðafjárskatt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar þykir stofnuninni rétt að benda á að hún telur tímabært að endurskoða lögin um erfðafjárskatt í heild sinni í því skyni að mæla með skírari hætti um ýmis atriði er bæði lúta að ákvörðun skattstofns og framkvæmd skattheimtunnar.

Alþingi
Erindi nr. P 128/1606
komudagur 11. 3. 2003



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Við Austurvöll
105 Reykjavík

JS/HJ

Rvk. 07. 03. 2003

Efni: Frumv. til laga um breytingu á lögum nr. 83/1984 um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta miðar að verulegum breytingum á lögum um erfðafjárskatt. Einkum er um það að ræða að erfðafjárskattur verði flatur 5 % skattur, og tekið er fram að markmið þessarar skattheimtu sé ekki síst að standa undir kostnaði við búskipti. Þessi breyting er í samræmi við þau sjónarmið að innheimta erfðafjárskatts er í eðli sínu tvöföld skattlagning, að því leyti sem slík skattheimta er ekki beinlinis þjónustugjald fyrir búskipti. Í ljósi þessara sjónarmiða lýsa Samtök atvinnulífsins stuðningi við frumvarpið, en benda um leið á að eðlilegast er að hverfa frá innheimtu erfðafjárskatts umfram bein kostnaðargjöld fyrir þá þjónustu sem opinberir aðilar veita á þessu sviði.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins





Alþingi
Erindi nr. Þ 128/100 r
komudagur 11.3.2003

7. mars 2003

Nefndasvið Alþingis,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum, 398. mál, flatur skattur.

Visað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 21. febrúar 2003, þar sem óskað er eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp til laga.

Í frumvarpinu er lagt til að hætt verði að miða hlutfall erfðafjárskatts við sifjatengsl erfingja og arfleiddanda og þess í stað lagður flatur 5% erfðafjárskattur á alla erfingja, hver sem sifjatengslin eru. Áfram er þó gert ráð fyrir að af arfi sem fellur til þess hjóna sem lifir hitt verði enginn erfðafjárskattur greiddur, svo og arfi sem fellur til kirkna, opinberra sjóða, líknar- og menningarstofnana eða félaga. Sama gildir um arf sem fellur til sambýlismaka samkvæmt arfleiðuskrá. Jafnframt er gert ráð fyrir að greiddur verði 5% erfðafjárskattur af fyrrgreindum arfi. Gert er ráð fyrir að með 5% erfðafjárskatti fáið nægjanlegt fé til að standa undir kostnaði af skiptum hvers dánarbús fyrir sig.


Flutningsmenn frumvarpsins álíta, að með innheimtu erfðafjárskatts sé skattlagning í raun tvöföld þar sem búið sé að greiða skatt af þeim fjármunum og verðmætum sem erfast. Samkvæmt núgildandi lögum séu erfingjar látnir greiða mismikla skatta af arfinum.

Í greinargerð með frumvarpinu koma fram upplýsingar yfir innheimtu erfðafjárskatts á árunum 1990-1999. Upplýsingar vantar um innheimtu skattsins næstu ár á eftir. Ennfremur vantar allar upplýsingar um hvaða áhrif frumvarpið, verði það að lögum, hafi á afkomu og greiðslur til ríkissjóðs.

Á grundvelli þessa annmarka tekur Seðlabanki Íslands ekki afstöðu til frumvarps þessa.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Eiríkur Guðnason,
bankastjóri.


Ingimundur Friðriksson,
bankastjóri.

SEÐLABANKI ÍSLANDS



Alþingi
Erindi nr. Þ 128,139
komudagur 28.2.2003

Akranes 25. 2. 2003.

SÝSLUMAÐURINN Á AKRANESI

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 21. febrúar sl. fór efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fram á umsögn sýslumannsins á Akranesi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt nr. 83/1984, mál nr. 398, flatur skattur.

Undirritaður hefur farið yfir frumvarpið og fagnar þeirri breytingu sem frumvarpið boðar. Annarsvegar verði lagður á flatur skattur á arf sem auðveldar álagningu og innheimtu skattsins auk þess sem breytingin upphefur mismunun á milli erfingja sökum sifjatengsla við arfláta. Hinsvegar verði skatturinn verulega lækkaður frá því sem áður var sem minnkar bæði skattbyrðar borgaranna og hættuna á undanskoti frá skatti.

Í greinargerð með frumvarpinu eru tvö atriði sem undirritaður vill gera athugasemdir við. Annarsvegar er sú fullyrðing um að erfðafjárskatti sé ætlað að standa undir kostnaði af skiptum dánarbúa. Í því sambandi ber þess að geta að meginhluti skipta á dánarbúum fara í einkaskipti þannig að erfingjarnir skipta með sér búinu og skila til sýslumanna skiptagerð og erfðafjárskýrslu til yfirferðar. Slík skipti útheimta því lítil afskipti hins opinbera. Við opinber skipti þarf að greiða til héraðsdómstóla tryggingu fyrir skiptakostnaði kr. 150.000,- en eignir dánarbúsins standa að auki til tryggingar skiptakostnaði sem stofnast af meðferð skiptastjóra á dánarbúinu. Auk erfðafjárskatts leggst á dánarbúin skiptagjald skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs sem eru nú kr. 5.700,-.

Hinsvegar er í greinargerðinni gerð grein fyrir útreikningi erfðafjárskatts út frá þeim grunnfjárhæðum sem voru í gildi þegar lögin voru sett 1984. Í 22. gr. laganna er kveðið á um að grunnfjárhæðir skulu breytast árlega og hlaupa nú á kr. 829.077,- sbr. reglugerð nr. 824/2002 í stað kr. 140.000,- sem tilgreindar eru í greinargerðinni.

Sýslumaðurinn á Akranesi

Olafur Þ. Hauksson
Olafur Þ. Hauksson.





Alþingi
Erindi nr. P 128/1716

komudagur 14. 3. 2003

SÝSLUMAÐURINN Á ÍSAFIRÐI

Alþingi Íslendinga
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Dagsetning

Tilvísun

Ísafirði, 12. mars 2003

Efni: **Umsögn sýslumannsins á Ísafirði um frumvarp til breytinga á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum. Pskj: 471 - mál: 398.**

Sýslumaðurinn á Ísafirði hefur mótttekið bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um erfðafjárskatt. Af því tilefni er send svohljóðandi:

u m s ö g n

Ekki verður í umsögn þessari sérstaklega farið yfir einstakar greinar frumvarpsins en vakin skal athygli á eftirfarandi atriðum sem sýslumaður telur mikilvægt að höfð verði í huga við umfjöllun efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um frumvarpið.

1. Telja verður óvenjulegt að staða niðja og fjarskyldari ættingja eða jafnvel óskyldra bréferfingja skuli jöfnuð með þeim hætti sem hér er lagt til, enda hljóta ríkar ástæður að liggja að baki uppbyggingu erfðafjárskatts með tilliti til sífjatengsla. Samanburður við önnur lönd hlýtur að leiða í ljós að sífjatengsl hafa lækkun erfðafjárskatts í för með sér, enda er skattlagning erfðafjár grundvölluð meðal annars á þeim sjónarmiðum að um yfirfærslu eigna sé að ræða.
2. Annað sjónarmið er styður álagningu erfðafjárskatts er vitaskuld tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Söluhagnaður og gjafir eru í meginatriðum skattskyldar auk þess sem fjármagnstekjur bera 10% skatt og gildir einu þótt búið sé að greiða skatt af því fjármagni. Verður að telja lækkun þá sem lögð er til hér ríflega og úr takt við aðra skattlagningu.
3. Þá er andlag skattlagningar sjálfstætt athugunarefni. Nefna má að erfðafjárskattur af hlutabréfum reiknast af nafnverði þeirra en ekki raunvirði og er oft um verulegar fjárhæðir að ræða. Hlýtur því að koma til athugunar að grunnur skattlagningarinnar verði tekinn til endurmats á komandi árum, því augljós munur er á þessu andlagi og öðrum stofni sem erfðafjárskattur er reiknaður af.
4. Loks verður að telja að rannsóknarheimildir sýslumanna og skattstjóra þurfi að vera skýrari, til þess að unnt sé að fylgjast með því að skil erfðafjárskatts séu með réttum hætti og þyrfti að bæta úr þeim ágalla til þess að jafna stöðu gjaldenda skattsins.

Virðingarfyllt

Sigríður Björk Guðjónsdóttir
sýslumaður á Ísafirði



Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Alþingi

Erindi nr. P 128, 1390

komudagur 28.2.2003

Nefndasvið skrifstofu Alþingis

Austurstræti 8-10


150 Reykjavík


Umsögn um frv. til laga um br. á lögum nr.83/1984 um erfðafjárskatt með síðari breytingum, 398. mál.

Embætti sýslumannsins á Seyðisfirði fagnar frumvarpinu.

Seyðisfirði, 25. febrúar 2003.

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði,







Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1715 SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK
Komudagur 14. 3. 2003

Síftja- og skiptadeild
Fax nr: 562 4870

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingishúsinu
150 Reykjavík

Dagsetning

Tilvísun

12. mars 2003.

Varðar: Beiðni um umsögn sýslumannsins í Reykjavík vegna frumvarps til breytingar á lögum um erfðafjárskatt, 398. mál, flatur skattur.

Sýslumaður tekur ekki afstöðu til efnis frumvarpsins, enda er um að ræða pólitíska ákvörðun um álagningu erfðafjárskatts.

Sýslumaður bendir þó á að í greinargerð segir að erfðafjárskattur aukist eftir því sem arfur hvers erfingja hækkar um kr. 140.000, en sú viðmiðunarfjárhæð er uppreiknuð árlega sbr. 22. gr. laga 83/1984 um erfðafjárskatt og nemur núna kr. 829.077.

Virðingarfyllst,

Efn. sýslumannsins í Reykjavík

Eyrún Guðmundsdóttir

Eyrún Guðmundsdóttir, deildarsjóni

